

Svör til fagráðs

Hér fyrir aftan eru svör frá Menntavísindasviði HÍ við þeim spurningunum sem starfsmaður fagráðs sendi inn á sviðið fyrir hönd fagráðsins um hlutverk ábyrgð og skyldur varðandi starfsþróun. Heiti kaflanna vísa flest til spurninganna. HA og LHÍ skila inn svörum hvor fyrir sig.

Svör MVS voru unnin af sitjandi fulltrúa Menntavísindasviðs í fagráðinu, vettvangsráði og sviðsforseta.

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Samantekt | 2 |
| Stefna Menntavísindasviðs HÍ hvað varðar símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda..... | 4 |
| Vettvangsráð | 4 |
| Starfsþróun Menntavísindastofnunar | 5 |
| Starfshópur..... | 5 |
| Skipulag starfsþróunar á Menntavísindasviði HÍ | 7 |
| Starfsþróun Menntavísindastofnunar | 7 |
| Menntamiðja..... | 8 |
| Deildir sviðsins og einstaklingar | 8 |
| Rannsóknarstofur | 8 |
| Útgáfustarfsemi, málþing og ráðstefnur | 8 |
| Ólíkar aðstæður skóla (sveitarfélaga) og ólíkar aðstæður kennara eftir búsetu | 9 |
| Stjórn málefna starfsþróunar og stefnumótun af hálfu þess hagsmunaaðila sem svarar þessu, en einnig um aðild annarra | 9 |
| Mismunandi hópar kennara (námsgreinar, skólastig og fleira) | 10 |
| Innihald og form starfsþróunar eða símenntunar, á hvaða þætti ber að leggja áherslu varðandi hvorn þessara þátta fyrir sig | 11 |
| Samstarf við aðra hagsmunaaðila, þ.e. hvaða fyrirkomulag samráðs er farsælast til þess að efla þennan þátt í þróun skólstarfs | 11 |
| Fjármál..... | 12 |
| Lokaorð..... | 13 |
| Heimildir | 14 |

Samantekt

Í þessum kafla er tekið saman það helsta sem kemur fram í svörum Menntavísindasviðs, nánar er svo farið í hverja spurningu í hverjum kafla fyrir sig.

Menntavísindasvið vill sinna starfsþróun kennara áfram og byggja upp enn öflugri starfsemi á því sviði, sem mun nýtast kennurum á öllum skólastigum og um allt land.

Menntavísindasvið sinnir nú þegar ýmsu sem tengist starfsþróun kennara, til dæmis hefur meginuppistaðan í þeim hópi sem stundar meistaranám við MVS verið starfandi kennarar og deildir sviðsins hafa frá vorönn 2011 opnað einstök námskeið fyrir kennurum (og öðrum fagstéttum sem mennta sig á sviðinu) sem ekki eru skráðir formlega í HÍ. Einnig má nefna að starfsþróun Menntavísindastofnunar, rannsóknarstofur, Menntamiðja og einstaka starfsmenn koma að námskeiðshaldi, stuðningi við þróunarstarf í skólum, ráðstefnuhaldi og útgáfumálum svo eitthvað sé nefnt. Stundum hefur verið vegið að Menntavísindasviði og haldið fram að það sinni ekki starfsþróunarmálum nógu vel. Sú gagnrýni lýsir ákveðinni vanþekkingu á fyrirkomulagi starfsþróunarmála kennara á Íslandi, en Menntavísindasvið hefur, frá aldamótum, án fjárhagslegs stuðnings eða lagalegs umboðs þeirra sem bera ábyrgð á starfsþróunarmálum kennara lagt töluvert af mörkum til starfsþróunar kennara.

Menntavísindasvið vill efla enn frekar þá starfsemi sem tengist starfsþróun þeirra stétta sem sviðið menntar, þar á meðal kennara og gera starfsþróun kennara að einu af meginhlutverkum sviðsins. Sviðið lítur þannig á að grunnmenntun sé ekki eina kjarnastarfsemi sviðsins heldur er vilji til þess að skapa tækifæri til ævimenntunar.

Fram kemur í *Aðgerðaráætlun um eftirfylgni með ytri matskýrslu um árangur sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands og stöðu kennaramenntunar*¹ að vilji er til þess að Menntavísindasvið verði öflug miðstöð starfsþróunar kennara. Í *tillögum starfshóps um framtíðarskipan starfsþróunar á Menntavísindasviði*² er einnig lagt til að starfsþróun þeirra stétta sem sviðið menntar verði eitt af meginhlutverkum sviðsins. Það formgerist t.d. í tillögum um að starfsþróun Menntavísindastofnunar verði færð til í skipuriti og sett beint undir stjórn sviðsins og að deildir sviðsins hafi formlegri aðkomu en nú er, að því þegar framboð á starfsþróun á vegum sviðsins er ákveðið.

Menntavísindasvið vill einbeita sér að því að sinna faglegri starfsþróun sem byggir á nýjustu þekkingu og rannsóknum, stuðlar að skólaþróun og eflir með markvissum hætti faglega starfshæfni kennara.

Þetta vill sviðið gera með því að:

- a) bjóða einingabært nám stutt rannsóknum, bæði fræðilegs eðlis og starfsmiðað, sem styður við fagstéttirnar í að efla fagmennsku, faglegt sjálfstæði og starfshæfni.

1 *Aðgerðaráætlun um eftirfylgni með ytri matskýrslu um árangur sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands og stöðu kennaramenntunar* (2015).

2 *Tillögur starfshóps um framtíðarskipan starfsþróunar þeirra stétta sem Menntavísindasvið menntar* (2015).

- b) sinna rannsóknartengdum stuðningi, ráðgjöf og handleiðslu við þróunarstarf á vettvangi og styðja fólk af vettvangi í rannsóknum/starfsrýni til eigin starfsþróunar.
- c) bjóða stutt hagnýt námskeið um fjölbreytt viðfangsefni í samstarfi við EHI.

Eftir þá vinnu sem fólst í gerð ofangreindrar aðgerðaráætlunar og vinnu starfshóps um framtíðarskipan starfsþróunarmála á MVS stendur sviðið á ákveðnum tímamótum, því ljóst er að til að áform Menntavísindasviðs um að byggja upp öfluga starfsþróunarmiðstöð geti orðið að veruleika þarf sviðið fjárhagslegan og skipulagslegan stuðning frá ríki og sveitarfélögum. Án baklands hefur sviðið ekki bolmagn til að byggja upp öfluga starfsemi, því það fjármagn sem sviðinu er úthlutað tryggir ekki aðra starfsemi en þá sem í dag er skilgreind sem lagaleg skylda sviðsins.

Menntavísindasvið vill eiga samtál og samstarf við þá hagsmunaaðila sem málið varðar og kemur sá vilji fram í *Tillögum starfshóps um framtíðarskipan starfsþróunar á Menntavísindasviði*³, en þar er lagt til að skipað verði starfsþróunarráð MVS sem ætlað er að efla tengsl sviðsins við þá aðila sem eiga hagsmuna að gæta þ.e. stefnumótunaraðila og kennarasamtökin. Þeim vilja var einnig lýst í stefnu vettvangsráðs um símenntun frá 2009⁴, þar sem lögð er áhersla á mikilvægi þess að vera í góðum tengslum við hagsmunaaðila.

Af ofangreindu er ljóst að Menntavísindasvið vill hafa öfluga starfsþróunarstarfsemi innan sinna vébanda, en til að svo megi verða þarf sviðið fjármagn. Til viðbótar við þann rúma milljarð sem varið er til starfsþróunarmála nú á ári hverju⁵ væri t.d. 200 - 300 milljónum vel varið til uppbyggingar verkefna sem tengjast starfsþróun kennara í samstarfi við þá háskóla sem mennta kennara. Það þarf að búa þessum málaflokki þá umgjörð að hægt sé að byggja hann markvisst upp, það á bæði við um fjármál og skipulag. Það blasir við að nauðsynlegt er að styrkja innviði málaflokksins. Einnig mætti hugsa sér að stjórnvöld veittu fé í sjóð sem háskólar gætu sótt í til að vinna að ákveðnum verkefnum sem tengjast starfsþróunarmálum kennara.

Menntavísindasvið bendir á að mjög lítið af því fé sem ætlað er til starfsþróunar kennara rennur til háskólanna. Stærstum hluta fjársins er ráðstafað til einstaklinga í gegnum styrki sem eru í vörslu KÍ⁶. Það hvernig fé til starfsþróunar er varið ræðst því að mestu leyti af vilja einstakra kennara til að nýta féð. Þó Menntavísindasvið geti líkt og aðrir auglýst námskeið á markaði, sótt um styrki í Endurmenntunarsjóð grunnskóla til að halda námskeið og einnig sent inn umsóknir í Sprotasjóð í samstarfi við skóla þá verða engir innviðir byggðir upp með því fé sem þannig er aflað. Sú ráðstöfun að dreifa því fé sem ætlað er til starfsþróunar kennara að mestu leyti til einstaklinga hefur smátt og smátt nagað innviði þeirrar stofnunar sem sinnti starfsþróunarmálum á MVS (áður KHÍ). Á Menntavísindasviði þykir blasa við, að þar sem ekki hefur verið lögð áhersla á að byggja upp innviði þeirra stofnana sem ættu að okkar mati að sinna markvisst starfsþróun kennara hefur málaflokkurinn lent í ákveðnum ógöngum. Framboð er ómarkvisst og tilviljunarkennt og mikilvægum málefnum er jafnvel ekki sinnt.

3 Tillögur starfshóps um framtíðarskipan starfsþróunar þeirra stétta sem Menntavísindasvið menntar (2015).

4 Stefna vettvangsráðs 2009 (óbirt)

5 Starfsþróun kennara: greining á sjóðaðumhverfi.

6 Starfsþróun kennara: greining á sjóðaðumhverfi.

Stór sveitarfélög geta sinnt sínu fólki faglega en sú þekking sem þar byggist upp nýtist ekki öðrum sveitarfélögum nema að takmörkuðu leyti. Akureyrarbær er undantekning, þar hafa menn lagt sitt af mörkum til að byggja upp Miðstöð skólaþróunar við HA með því að kaupa þjónustu af þeirri stofnun sem tryggir rekstrargrundvöll hennar og þar hefur því verið hægt að byggja upp öfluga starfsþróunareiningu innan háskólans. Þekkingin sem þar verður til hefur nýst fleiri skólum en tilheyra Akureyri. Þetta fyrirkomulag er til fyrirmyndar. Það blasir við að smærri sveitarfélög hafa ekki burði til að byggja upp öflugar einingar hjá sér og því leggur MVS til að sveitarfélög stuðli að því að innan MVS verði til eining sem getur sinnt faglegri starfsþróun og ráðgjöf við kennara og skólastjóra í dreifðum byggðum landsins. Það mætti hugsa sér að 3-4 stöðugildi væru staðsett á Menntavísindasviði og 1-2 í HA. Þessir aðilar skiptu síðan landinu á milli sín og sinntu verkefnum fyrir skólana á landsbyggðinni eftir því hvernig samkomulag væri gert um skiptingu landshluta milli þessara aðila. Þessi leið er betri en að dreifa fagfólki um landið því þá er hætt við faglegri einangrun. Það er betra fyrir fagfólkið að hafa andlega næringu hvert af öðru og geta leyst mál í sameiningu og skiptst svo á að fara á staðina og veita ráðgjöf eða fræðslu. Einnig má sjá fyrir sér að hluti ráðgjafar væri sinnt í gegnum internetið. Menntavísindasvið myndi vilja taka að sér að halda utan um starfsemi af þessu tagi, þar er fagleg þekking fyrir hendi og það að hafa hóp fagfólks á sama stað myndi hafa góð áhrif á uppbyggingu þeirrar starfsemi sem sviðið stefnir á að byggja upp á næstu árum, ef tekst að fjármagna starfsemina.

Stefna Menntavísindasviðs HÍ hvað varðar símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda

Vettvangsráð

Vettvangsráð MVS sem er eitt af starfsráðum Menntavísindasviðs, hefur sett fram stefnu um símenntunarmál þeirra stétta sem sviðið menntar. Í erindisbréfi vettvangsráðs eru hlutverk ráðsins listuð upp og þar er t.d. nefnd stefnumótun um þróun símenntunar fyrir þær stéttir sem Menntavísindasvið þjónar.

Stefna vettvangsráðs:

Forsendur

Vettvangsráð leggur áherslu á að sviðið móti heildstæða stefnu um símenntun þeirra stétta sem sviðið þjónar (m.a. í ljósi hugmynda um ævimenntun, Lifelong Learning, LLL). Áriðandi er að þessi stefna sé mótuð í samvinnu við þá sem hún á að þjóna. Hér má nefna stéttirnar sjálfar og skjólstæðinga þeirra, fagfélög, stofnanir, sveitarfélög og ráðuneyti.

Stefnumótunin þarf að byggjast á rannsóknum á vettvangi, greiningu á námskrám og starfsáætlunum, stefnumörkun ráðuneyta og sveitarfélaga, kjarasamningum, símenntunaráætlunum og núverandi framboði á símenntun. Þá er áriðandi að kanna hvernig þær starfstéttir sem sviðið þjónar skilgreina símenntunarfir sínar. Einnig þarf að leita áhlits stjórnenda stofnana.

Stefna þarf að því að Menntavísindasvið verið staður þar sem starfandi kennarar, tólmstundafræðingar og þroskaþjálfar hafa aðgang að sérfræðiþjónustu hver á sínu fagsviði við framkvæmd þróunar- eða rannsóknaverkefna á vettvangi.

Aðgerðir

- Efna þarf til formlegra samræðna við fulltrúa fagfélaga, sveitarfélaga og ráðuneyta um stefnumörkun í símenntun.
- Gera þarf kannanir meðal kennara, tómsundafræðinga og þroskaþjálfara um símenntunarkerfi þeirra.
- Leita þarf leiða til að nýta námskeið í grunn- og framhaldsnámi sem endurmenntun með starfi.
- Í ljósi lengingar námsins er sérstaklega áriðandi að skoða hvernig best verður komið til móts við þá kennara, tómsundafræðinga og þroskaþjálfara sem hafa lokið grunnnámi, en vilja bæta við sig meistaraáráðu með starfi.
- Finna þarf leiðir til að koma sem best til móts við þarfir fagreinakennara fyrir símenntun.
- Leita þarf leiða til að ná til kennara í fullorðinsfræðslu í stofnunum, félagasamtökum og fyrirtækjum.
- Lagt er til að list og verkgreinahús verði miðstöð list- og verkgreinakennslu og faglegt gagnasafn verði miðstöð fagfólks í þeim stéttum sem sviðið menntar til, bæði til stúdenta, kennara á Menntavísindasviði og til símenntunar þeirra starfstétta sem sviðið menntar.

Vettvangsráðinu er einnig skv. erindisbréfi í samvinnu við Rannsóknarráð, ætlað að leita leiða til að efla rannsóknir á vettvangi, einkum verkefni þar sem rannsóknir og skólaþróun fléttast saman og því er einnig ætlað að hafa samráð við hagsmunaaðila, sbr. stéttarfélög, sveitarfélög, ráðuneyti og samtök í atvinnulífi.

Starfsþróun Menntavísindastofnunar

Á gömlum merg starfar starfsþróunarstofnun innan Menntavísindasviðs HÍ (MVS) sem hefur með höndum starfþróun/símenntun kennara og annarra fagstétta sem MVS menntar. Stofnunin er innan vébanda Menntavísindastofnunar MVS. Á heimasíðu Starfsþróunar Menntavísindastofnunar kemur fram að hún starfi á fagsviði kennara, tómsunda- og félagsmálafræðinga, íþróttfræðinga og þroskaþjálfara og sé ætlað að þjóna þeim fagstéttum varðandi starfsþróun. Á vefsíðunni kemur einnig fram að hlutverk Starfsþróunar Menntavísindastofnunar sé að skapa vettvang fyrir miðlun þekkingar milli starfsmanna Menntavísindasvið og annarra sérfræðinga á þessum fagsviðum. Stofnunin sem áður hét SRR, símenntun, rannsóknir og ráðgjöf og þar á undan Símenntunarstofnun KHÍ, hefur minnkað töluvert frá árinu 2008 og umsvif hennar einnig.

Starfshópur

Töluvert óvissa hefur ríkt um framtíðarskipan þessa málaflokks innan MVS og var ákveðið að setja málaflokkinn í forgang haustið 2014. Á fundi stjórnar Menntavísindasviðs 17. september 2014 var því samþykkt að skipa starfshóp til að endurskoða og setja fram tillögur um skipulag og inntak starfsþróunar þeirra stétta sem sviðið menntar, þ.e. kennara, tómsundafræðinga, þroskaþjálfara og íþróttfræðinga.

Í erindisbréfi starfshópsins kemur fram að markmið starfshópsins sé að móta tillögur um framtíðarskipan starfsþróunarmála á MVS og að starfshópnum sé ætlað að setja fram hugmyndir að framtíðarskipan starfsþróunar þeirra stétta sem sækja sér menntun á Menntavísindasviði.

Starfshópurinn skilaði skýrslu í febrúar 2015. Á grunni þeirrar vinnu sem lýst er í *Tillögum starfshóps um framtíðarskipan starfsþróunarmála á MVS (2015)*⁷ leggur starfshópurinn til að starfsþróun þeirra stétta sem sviðið menntar verði eitt af meginhlutverkum Menntavísindasviðs. Starfsþróun Menntavísindasviðs fái formlegra hlutverk en nú er, heyrri beint undir stjórn sviðsins, tengist betur deildum sviðsins og að aukið verði samstarf og samráð innan sviðs sem utan.

Helstu hlutverk starfsþróunar MVS verða að efla fagmennsku, faglegt sjálfstæði og starfshæfni þeirra fagstétta sem sviðið menntar eftir að formlegu námi lýkur. Henni er ætlað að skapa vettvang fyrir miðlun þekkingar starfsmanna MVS, annarra sérfræðinga og þeirra sem starfa á vettvangi.

Stofnuninni Starfsþróun MVS er einnig ætlað að eiga formlegt samstarf við ýmsa aðila um stefnumótun, þarfagreiningu, forgangsröðun og gæðamat á starfsþróun fyrir þær starfandi stéttir sem sækja sér menntun við sviðið. Þar má nefna deildir og stofnanir sviðsins og HÍ, ráðuneyti, fagráð, sveitarfélög, fagskrifstofur, stofnanir og hagsmunasamtök fagstéttanna.

Helstu viðfangsefni stofnunarinnar verða að sjá til þess, með fjölbreyttum leiðum, að fagstéttum standi til boða að kynnast ólíkum fræðilegum sjónarmiðum, rannsóknaraðferðum og kenningum um þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir í náminu með það að markmiði að efla fræðilega, gagnrýna og opna umræðu fagstétta og starf á vettvangi og að kynna helstu nýjungar og hugmyndafræði sem fræðaheimurinn setur á oddinn hverju sinni.

Stefnt er því að gera þetta m.a. með því að:

- d) bjóða einingabært nám stutt rannsóknnum, bæði fræðilegs eðlis og starfsmiðað, sem styður við fagstéttirnar í að efla fagmennsku, faglegt sjálfstæði og starfshæfni.
- e) sinna rannsóknartengdum stuðningi, ráðgjöf og handleiðslu við þróunarstarf á vettvangi og styðja fólk af vettvangi í rannsóknnum/starfsrýni til eigin starfsþróunar.
- f) bjóða stutt hagnýt námskeið um fjölbreytt viðfangsefni í samstarfi við EHÍ.

Til að tryggja aðkomu deilda sviðsins að því viðamikla verkefni sem starfsþróun kennara er verða stofnuð starfsþróunarteymi í hverri deild MVS og til að tryggja samstarf við aðila úti á vettvangi verður sérstakt starfsþróunarráð sett á fót með fulltrúum hagsmunaaðila. Einnig er stefnt að því að efla rannsóknartengt þróunarstarf.

Niðurstöður sínar byggir starfshópurinn á greiningu gagna og samtölum við aðila innan og utan sviðs.

Hugmyndir starfshópsins eru ráðgefandi og áður en þær ná fram að ganga þarf að tryggja fjármagn til starfsseminnar svo eitthvað geti orðið úr áformunum.

Áhersla á mikilvægi þess að starfsþróun sé eitt af meginverkefnum sviðsins kemur einnig fram í *Aðgerðaráætlun um eftirfylgni með ytri matsskýrslu um árangur sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands og stöðu kennaramenntunar (2015)* en þar snýst ein af þeim aðgerðum sem


⁷ Tillögur starfshóps um framtíðarskipan starfsþróunar þeirra stétta sem Menntavísindasvið menntar

grípa á til um að efla MVS sem miðstöð sí- og endurmenntunar. Sú aðgerð er rökstudd með því að símenntun og fagþróun sé mikilvægur hluti nútíma kennaramenntunar.⁸

Skipulag starfsþróunar á Menntavísindasviði HÍ

Á haustdögum 2014 kortlagði vettvangsráð MVS þá starfsemi sviðsins sem tengist starfsþróun.

Á mynd 1 sést sú kortlagning og á myndinni kemur skýrt fram að málefni sem hægt er að tengja starfsþróun koma víða fyrir og að starfsmenn MVS fara margar leiðir til að sinna þessum málaflokki.



Mynd 1 Hverjir á Menntavísindasviði sinna starfsþróun þeirra stétta sem sviðið menntar

Starfsþróun Menntavísindastofnunar

Áður en ábyrgð og fjármagni til símenntunar var dreift jafn víða og nú er var ein öflug miðlæg stofnun á MVS (áður KHÍ). Sú stofnun sá um að halda námskeið og ráða fólk til að sinna ráðgjöf og handleiðslu. Það var stofnun sem fólk sem vann við KHÍ taldi mikilvæga og vann ötulliga fyrir. Málin flæktust síðan þegar þrjár skólar voru sameinaðir (KHÍ, Þroskaþjálfaskólinn og Fóstruskólinn), fjármagni var dreift víða og hlutverk skólans í þessum málaflokki var ekki lengur til staðar í lögum.

Starfsþróun Menntavísindastofnunar (áður SRR) hefur verið ætlað að vinna á gömlum merg, en grundvöllur starfseminnar er mjög veikur vegna skorts á fjárveitingu, en við úthlutun fjármagns til HÍ

⁸ Aðgerðaráætlun um eftirfylgni með ytri matsskýrslu um árangur sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands og stöðu kennaramenntunar (2015).

er ekki gert ráð fyrir þessum þætti í starfssemi MVS. Hlutverk stofnunarinnar hefur ekki breyst formlega en möguleikar hennar til að sinna því eru ekki fyrir hendi nema að litlu leyti. Starfsemin hefur verið jaðarsett lengi á MVS og ekki haft stjórnsýslulegt hlutverk innan sviðs að neinu leyti þannig að allt sem hún stendur fyrir byggir á hugmyndaauðgi starfsmanns eða því sem þeir sem enn hugsa til stofnunarinnar biðja um. Fagleg stefnumótun sviðsins varðandi hlutverk og fyrirkomulag hefur ekki verið fyrir hendi.

Stofnunin hefur þó staðið fyrir fræðslu og verið í samstarfi við skóla og skólaskrifstofur um aðkomu að handleiðslu, ráðgjöf og námskeiðshaldi og auglýst einstaka námskeið árlega.

Menntamiðja

Menntamiðja er samráðsvettvangur sem er ætlað að byggja brýr milli aðila innan skólasamfélags með því að skapa vettvang til samstarfs um eflingu starfssamfélaga skólafólks. Menntamiðja er samstarfsverkefni Menntavísindasviðs HÍ, Kennarasambands Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Háskólans á Akureyri, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Meðal starfsþróunarverkefna sem Menntamiðja hefur komið að eru menntabúðir þar sem skólafólk kemur saman til að deila þekkingu í óformlegu umhverfi. Menntabúðir eru í sumum tilvikum einingabærar. Einnig stendur Menntamiðja fyrir reglulegum umræðum á Twitter undir umræðumerkinu #menntasjall, og vinnustofum í einstökum sveitarfélögum og skólum. Verkefnin eru flest tengd torgum Menntamiðju. Fyrsta torgið var Tungumálatorg, en nú starfa einnig Náttúrufræði-, Sérkennslu-, Upplýsingatækni-, Stærðfræði-, Starfsmennta- og Heimspekitorg.

Menntamiðja hefur aðsetur á Menntavísindasviði en heyrir ekki formlega undir það.

Deildir sviðsins og einstaklingar

Deildir sviðsins og einstaklingar sinna margvíslegum verkefnum sem falla undir starfsþróun.

Deildir sviðsins hafa ákveðna aðkomu að starfsþróun þeirra fagstétta sem mennta sig á MVS. Margir starfandi fagmenn sem hafa náð sér í grunnmenntun á MVS sækja námskeið í framhaldsnámi sem hluta af sinni starfsþróun, þeir eru ýmist í formlegu námi, skráðir í HÍ eftir hefðbundnum leiðum eða sækja stök einingabær námskeið án þess að vera skráðir í formlegt nám.

Margir einstaklingar á MVS eru öflugir í námskeiðshaldi og ráðgjöf bæði fyrir stefnumótunaraðila og stofnanir á vettvangi. Þeir sinna þeim störfum ýmist á eigin vegum, í gegnum fyrirtæki sín eða í samstarfi við starfsþróun Menntavísindastofnunar. Vettvangsráð Menntavísindasviðs hefur í tvígang reynt að afla upplýsinga um umfang þessara starfa en það hefur ekki skilað þeim árangri sem stefnt var að, svo nákvæm yfirsýn yfir þessi störf liggur ekki fyrir.

Rannsóknarstofur

Fjöldi rannsóknarstofa starfa á Menntavísindasviði og margar þeirra standa að öflugu fræðslustarfi og rannsóknum með sérfræðingum af vettvangi. Innan vébanda rannsóknarstofanna eru einnig stundaðar rannsóknir sem nýtast vettvangi til þróunar á sínum störfum. Rannsóknarstofur standa einnig fyrir málþingum og ráðstefnum.

Útgáfustarfsemi, málþing og ráðstefnur

Útgáfustarfsemi á vegum sviðsins, Netla og Uppeldi og menntun, eflir möguleika þeirra fagstétta sem sviðið menntar á að lesa íslenskt fræðiefni um sitt fag og gerir á þann hátt þeim fagstéttum

auðveldara fyrir að fylgjast með nýjungum. Það sama á við um Menntakviku, árlega ráðstefnu sviðsins, auk fjölda fyrirlestra, málþinga og ráðstefna sem rannsóknarstofur sviðsins standa fyrir. Einnig skrifa sérfræðingar á MVS í fleiri fagtímarit en MVS gefur út og eru virkir í Tímariti um menntarannsóknir (TUM) sem gefið er út af Félagi um menntarannsóknir, <http://fum.is/>. Ritstýrð og ritrýnd skrif akademískra starfsmanna hafa almennt gefið stig í framgangskerfi HÍ.

Ólíkar aðstæður skóla (sveitarfélaga) og ólíkar aðstæður kennara eftir búsetu

Á Menntavísindasviði verðum við vör við ólíkar aðstæður skóla og kennara eftir búsetu. Stærri sveitarfélög hafa meiri burði til að hafa framboð af fræðslu fyrir sitt fólk á meðan minni sveitarfélög hafa það síður. Kennarar í dreifðari byggðum landsins eiga erfiðara með að sækja sér þá fjölbreyttu fræðslu sem oft er í boði á stærri stöðunum. Þar sem fámennið er mest er oft erfitt að ná saman hópum til að nýta sér fræðslu fagfólks sem vill koma á staðinn og kostnaður vegna þessa vex minnstu sveitarfélögunum oft í augum nema um fræðslu sé að ræða sem hentar heilum hópum. Þannig fá kennarar einstakra námsgreina ekki fræðslu sem þeir þurfa oft nauðsynlega á að halda til að sinna sínu starfi af fagmennsku. Á minni stöðunum er ekki síður þörf á fræðslu fyrir kennara í einstökum námsgreinum því þar þurfa kennarar oft að kenna greinar sem þeir hafa ekki sérhæft sig í, ekki síður en í fjölmenninu og jafnvel enn frekar. Þetta getur komið illa niður á árangri nemenda í einstökum námsgreinum.

Möguleikar á fjarnámi eru töluverðir á Menntavísindasviði en minni þegar kemur að fræðslu sem er ekki hluti af formlegu námi sviðsins. Ærinn tilkostnaður og vinnuframlag við að þjóna fáum aðilum kemur í veg fyrir að þessum þætti sé betur sinnt. Þetta má hugsa sér að bæta enn frekar og er Menntavísindasvið tilbúið í umræðu um það.

Stjórn málefna starfsþróunar og stefnumótun af hálfu þess hagsmunaaðila sem svarar þessu, en einnig um aðild annarra

Menntavísindasvið HÍ vill taka frumkvæði og koma að stefnumótun um símenntun/starfsþróun þeirra stétta sem mennta sig á MVS á þeim faglega grundvelli sem sérfræðingar stofnunarinnar hafa markað sér.

Faglegt sjálfstæði háskóla er tryggt í lögum eins og fram kemur í breytingu á lögum um háskóla frá 2006 sem gerð var 2012 (2. gr.)⁹ Á eftir 2. gr. laganna kemur ný grein (2. gr. a), svohljóðandi:

Háskólum er skylt að virða fræðilegt sjálfstæði starfsmanna sinna. Fræðilegt sjálfstæði starfsmanna felur í sér rétt þeirra til að fjalla um kennslugrein sína á þann hátt sem þeir telja skynsamlegt og í samræmi við fræðilegar kröfur. Fræðilegt sjálfstæði dregur ekki úr ábyrgð starfsmanna á að fara að almennum starfsreglum og siðareglum viðkomandi háskóla. Viðfangsefni rannsókna og kennslu á einstökum fræðasviðum háskóla skulu vera óháð afskiptum þeirra sem eiga skólann eða leggja honum til fé(...).

⁹ Lög um háskóla nr. 67/2012 2a gr.

Í þessu felst að háskólar eru ekki þjónustuaðilar fyrir stefnumótunaraðila í menntakerfinu en engu að síður er eðlilegt að þeir hafi aðkomu að því að hvernig starfsþróunarmálun kennara er háttað. Á Menntavísindasviði er litið á það sem mikilvægan þátt í starfsseminni að efla starfsþróun kennara og MVS vill koma að stefnumótun varðandi þann málaflökk og vinna með stefnumótunaraðilum að því að byggja hann upp markvisst samfélaginu til heilla. Enda segir í lögum um háskóla frá 2006 að menntun háskóla skuli taka mið af þörfum samfélagsins hverju og sinni og að hún geti verið bæði fræðilegs eðlis og starfsmiðuð ¹⁰:

Háskólar mennta nemendur með kennslu og þátttöku í vísindarannsóknum og búa þá undir að gegna störfum sem krefjast vísindalegra vinnubragða, þekkingar og færni. Menntun, sem háskólar veita, tekur mið af þörfum samfélagsins hverju sinni og getur verið fræðilegs eðlis og starfsmiðuð.

Mikilvægt er að aðilar komi sér saman um hlutverk hvers og eins í málaflökknum, bendi ekki hver á annan heldur skilgreini hver ber ábyrgð á hverjum þætti. Það hafa Norðmenn gert svo dæmi sé tekið, þar velkjast menn ekki í vafa um hver ber ábyrgð á að fjármagna starfsþróun kennara, það eru ríki og sveitarfélög. Háskólar bjóða upp á nám sem ríkið sér til þess að fjármagn sé til fyrir og sveitarfélögin bera þann kostnað sem hlýst af fjarveru kennaranna þegar þeir sækja sér nám. Kennarasamtökin taka þátt í að móta stefnuna ásamt sveitarfélögum, ríki og háskólum og þeir hlutir sem settir eru á oddinn hverju sinni eru styrktir af ríki og sveitarfélögum og kennarasamtökin hafa það hlutverk að hvetja sitt fólk til starfsþróunar.¹¹ Af þessu gætum við lært. Menntavísindasvið stefnir á að leggja sitt af mörkum með því að setja á fót starfsþróunarráð við sviðið þar sem bæði verður hlustað á hagsmunaaðila og þeim kynnt hvað er á döfinni.

Í því kerfi sem er í dag er hætt við því að ákveðnir þættir sem eru mikilvægir svo skólustarf þróist verði útundan því enginn sinnir þeim á meðan fjármagnið fer allt í það sem hverjum og einum einstaklingi finnst áhugavert. Þannig kerfi verður alltaf sundurlaust og ómarkvisst. Það þarf að skapa tækifæri fyrir kennara að sækja sér faglega starfsþróun sem ýtir undir gagnrýna hugsun, styrkir fagmennsku stéttarinnar og eykur hæfni hennar til að vinna í skólum dagsins í dag. Það er ekki gert með einstaklingsstyrkjum, þó margir kennarar sýni ábyrgð og nýti sér styrkina í þágu eigin fagmennsku, þá er það of tilviljanakennt.

Á meðan litið er á styrkina að stærstum hluta sem eign kennara komumst við ekki upp úr þeim hjólförum sem starfsþróunarmálin eru í dag. Það þurfa að vera til einstaklingsstyrkir en það þarf líka að vera til fjármagn sem gerir háskólum kleift að sinna markvissri starfsþróun sem er studd fræðilegum rannsóknum svo kennarar geti eflt og viðhaldið starfshæfni sinni.

Mismunandi hópar kennara (námsgreinar, skólastig og fleira)

Á Menntavísindasviði er sterkust hefð fyrir því að sinna starfsþróun leik- og grunnskólakennara en undanfarin ár hefur sviðið einnig boðið upp á nám fyrir framhaldsskólakennara og áhugi er fyrir því að efla það nám og vera í samstarfi við faggreinafélög og aðra hagsmunaaðila um að móta starfsþróunartilboð sem henta framhaldskólakennurum. Einnig er áhugi fyrir því að efla nám sem

10 Lög um háskóla nr. 63 /2006 2.gr.

11 Kompetanse for kvalitet. Strategi for etter og videre utdanning 2012-2015.

hentar öllum skólastigum, bæði sértækt nám fyrir ákveðin skólastig og ákveðnar greinar og einnig þverfaglegt nám sem hentar kennurum á hvaða skólastigi sem er.

Við sameiningu við HÍ 2008 hafa opnast fleiri möguleikar á að búa til nám sem er blanda af kennslu í faggrein annarsvegar og kennslufræði hins vegar. Næsta haust fer af stað nám í samstarfi við VON (Verk- og náttúruvísindasvið HÍ) um stærðfræðikennslu svo dæmi sé tekið af möguleikum sem eru í stöðunni.¹²

Innihald og form starfsþróunar eða símenntunar, á hvaða þætti ber að leggja áherslu varðandi hvorn þessara þátta fyrir sig

Það þarf að huga að ólíkum þörfum ólíkra kennarahópa á hinum ýmsu skólastigum. Það þarf að huga að því hvernig þeir sem ekki hafa meistaragráðu geti öðlast hana með námi með vinnu. Það þarf að huga að stuðningi við fólk sem er að fóta sig í starfi sínu, bæði varðandi kennslugrein og aðra þætti sem tengjast kennarastarfinu. Það þarf að efla markvisst þróunarstarf í skólum og fylgja því eftir með rannsóknum og gæðaeftirliti. Það þarf að tengja saman skóla og fræðimenn.

Menntavísindasvið vill hafa í boði:

- formlegt nám fyrir kennara sem vilja bæta við sig þess háttar námi bæði opna leiðir inn í hefðbundin námskeið í háskólum og einnig að búa til sérsniðnar námsleiðir fyrir kennara í þeim fögum sem þeir vilja bæta sig í
- hagnýt námskeið með eftirfylgni sem kennarar geta sótt í sínu fagi án eininga í samstarfi við EHÍ
- stuðning og eftirfylgni við þróunarstarf í skólum
- stuðning við rannsóknir kennara á eigin störfum

Samstarf við aðra hagsmunaaðila, þ.e. hvaða fyrirkomulag samráðs er farsælast til þess að efla þennan þátt í þróun skólastarfs

Samtal um þessi málefni er mikilvægt. Sjónarmið eru ekki endilega þau sömu hjá öllum hagsmunaaðilum. Skilningur, traust og virðing gagnvart hagsmunum hvers aðila er nauðsynlegt svo hægt sé að tala hreint um hlutina. Því er mikilvægt að ræða saman til að finna út hvar er hægt að leggjast sameiginlega á árararnar. Finna þarf út hvaða þætti er ekki hægt að sameinast um og setja þá til hliðar, í stað þess að láta þá skyggja á aðrar samræður. Þegar hagsmunaaðilar hafa komið sér saman um hvað þeir geta sameinast um næstu 3-5 árin þarf að gera aðgerðaráætlun um hvernig vinna skal að þeim þáttum. Skilgreina þarf hlutverk, ábyrgð og skyldur hvers aðila og vinna svo markvisst að því sem stefnt er að.

Eins og áður hefur komið fram þá stefnir Menntavísindasvið að því að stíga fyrstu skrefin í átt að auknu samráði varðandi innihald starfsþróunar kennara strax næsta haust (ef tillögur starfshóps um framtíðarskipan starfsþróunarmála á MVS ná fram að ganga).

¹² Aðgerðaráætlun um eftirfylgni með ytri matsskýrslu um árangur sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands og stöðu kennaramenntunar (2015).

Menntavísindasvið getur ekki eitt og sér unnið þessum málum brautargengi, það skortir bæði mannafla og fé. Það þarf fjármagn svo hægt verði að ráða sérfræðinga til stofnunarinnar og byggja hana upp sem miðstöð starfspróunar á MVS sem geti þar með sinnt þessu mikilvæga hlutverki af reisu. Stefnt er að því að eiga samstarfs við EHÍ, og leita leiða til samstarfs um ákveðna þætti þó faglegar ákvarðanir um innihald og form muni liggja inni á MVS í samstarfi við hagsmunaaðila innan og utan sviðs.

Háskólar hafa ekki lagalega skyldu til að sinna endurmenntun en þeir hafa til þess heimild.

Í lögum um opinbera háskóla frá 2008 segir um endurmenntun:

Háskóla er heimilt að bjóða upp á endurmenntun þeirra sem hafa lokið háskólaprófi í þeim fræðum sem viðurkenning hans tekur til, sbr. 3. gr. laga um háskóla, nr. 63/2006.

Með hugtakinu endurmenntun er í lögum þessum átt við eftirfarandi:

- a. námskeið fyrir háskólamenntað fólk á fagsviði þess,*
- b. viðbótarnám fyrir háskólamenntað fólk á þverfaglegum grunni sem miðar að skilgreindum námslokum eða prófgráðu skv. 22. gr.¹³*

Þetta gerir HÍ kleift að bjóða upp á námskeið fyrir starfandi kennara, bæði einingabært nám og einnig styttra nám sem ekki gefur einingar.

Á Menntavísindasviði hefur til margra ára verið stofnun (sem var til í KHÍ), sem hefur sinnt þessu hlutverki. Þeirri stofnun var ætlað að reka sig fyrir sjálfsaflafé eftir að ríkið hætti að veita fé til hennar 2001. Það hefur ekki gengið eftir nema að litlu leyti.

Um fjármögnun háskóla segir í 24. gr. að háskóla sé heimilt að afla sér tekna til viðbótar við framlög skv. 1. mgr. með gjöldum fyrir endurmenntun skv. 23 gr. a.¹⁴ Menntavísindasvið hefur í gegnum tíðina selt námskeið á almennum markaði, en dregið hefur verulega úr þeirri starfsemi.

Menntavísindasvið vill veita einstaklingum aðgengi að formlegu námi, vill efla hefðbundna starfspróun og vinna með stofnunum að því að bjóða upp á starfspróun sem byggir á rannsóknum. Fjármagni sem væri varið til þeirrar starfsemi væri vel varið.

Fjármál

Það þarf stuðning og fjármagn til að skapa öfluga og markvissa starfspróunarmöguleika fyrir kennara. Sá glundroði sem einkennir starfspróunarmál grunnskólakennara í dag kemur til af þeim breytingum sem gerðar voru á fyrirkomulagi málaflokksins í kjölfar flutnings hans til sveitarfélaga og teknar voru ákvarðanir um að dreifa fé til málaflokksins um allt. Leikskólakennarar þurfa meira fé og skýrari ramma í kringum sín starfspróunarmál. Hjá framhaldskólakennurum er töluvert fjármagn (meira per mann en hjá hinum skólastigunum) og grasrótin kemur að einhverju leyti að ákvörðunum um hvað sé í boði. En það er samt þannig að það fer eftir því hversu öflug fagfélögin eru hversu öflugt námsframboðið er.

¹³ Lög nr.50/2010 um breytingu á lögum nr. 85/2008, um opinbera háskóla., 11. gr., sbr. einnig brbákv. II í s.I.

¹⁴ Lög um opinbera háskóla nr. 93/2008, 23 og 24 gr. og lög nr. 50/2010 um breytingu á lögum nr. 85/2008, um opinbera háskóla (almenningsfræðsla), 11. gr.

Háskólarnir þurfa aukið fjármagn til að sinna þessum málaflokki enn betur. Til að gæta jafnræðis má hugsa sér að stjórnvöld veittu fé í sjóð sem háskólar gætu sótt í til að vinna að ákveðnum verkefnum sem tengjast starfsþróunarmálum.

Sveitarfélög mættu líka velta fyrir sér hvort ekki væri hagur í því að búa til einingar sem sinna faglegri starfsþróun og ráðgjöf við kennara og skólastjóra í dreifðum byggðum landsins. 2-3 stöðugildi sem staðsett væru í Reykjavík og 1-2 á Akureyri sem skiptu landinu á milli sín og sinntu verkefnum fyrir skólana á landsbyggðinni. Þessi leið er betri en að dreifa fagfólki um landið því þá er hætt við faglegri einangrun. Það er betra fyrir fagfólkið að hafa andlega næringu hvert af öðru og geta leyst mál í sameiningu en geta þeir svo farið á staðina til skiptis og veitt aðstoð og einnig sinnt ráðgjöf í gegnum netið. Menntavísindasvið myndi vilja taka að sér að halda utan um starfsemi af þessu tagi því þar er fagþekking fyrir hendi og að hafa hóp fagfólks saman myndi hafa góð áhrif á uppbyggingu þeirra starfsemi sem sviðið stefnir á að byggja upp á næstu árum, ef tekst að fjármagna starfsemina.

Lokaorð

Af ofangreindu er ljóst að Menntavísindasvið sinnir starfsþróun kennara á ýmsan hátt þó smátt og smátt hafi dregið úr því formlega hlutverki sem sviðinu var ætlað í málaflokknum. Sterkur vilji er til þess hjá núverandi stjórn sviðsins að byggja upp markvissari starfsemi í tengslum við málaflokkinn og stefnt er að því að tengja starfsþróun betur annarri starfsemi sviðsins. Einnig er vilji til að vinna að því að starfsþróun kennara verði eitt af meginhlutverkum sviðsins.

Þrátt fyrir vilja Menntavísindasviðs til að byggja upp markvissa og formlega starfsþróunarstarfsemi á sviðinu er ljóst að af því getur ekki orðið nema mennta- og menningarmálaráðuneytið, sveitarfélögin eða samtök þeirra og KÍ sjái sér fært að styðja við að svo geti orðið. Með öðrum orðum Menntavísindasvið getur ekki eitt og sér byggt upp starfsþróunarstarfsemi hjá sér án stuðnings þessara aðila. Sá stuðningur þarf bæði að felast í því hvernig fjármagni er úthlutað og einnig í því hvernig ákveðið verður að byggja upp innviði og þekkingu í þessum málaflokki. Menntavísindasvið HÍ þarf að vita hvernig þessir aðilar líta á hlutverk háskólanna í starfsþróunarmálum og hvar þeir ætla að setja aukið fé í málaflokkinn. Ef hugmyndir þeirra eru með þeim hætti að ekki sé nauðsynlegt að auka fé til Menntavísindasviðs og skerpa á hlutverki þess varðandi starfsþróun kennara mun sviðið ekki geta byggt upp öflugan starfsemi á þessu sviði og þurfa að hætta að mestu leyti að sinna þessum málaflokki.

Menntavísindasvið vill hafa öflugan starfsþróunarstarfsemi innan sinna vébanda en til að svo megi verða þarf fjármagn. Til viðbótar við þann rúma milljarð sem varið er til starfsþróunarmála nú á ári hverju¹⁵ væri 200 - 300 milljónum vel varið til uppbyggingar verkefna sem tengjast starfsþróun kennara í samstarfi við þá háskóla sem mennta kennara. Það þarf að búa þessum málaflokki þá umgjörð að hægt sé að byggja hann markvissst upp, það á bæði við um fjármál og skipulag. Menntavísindasvið vill taka þátt í að búa málaflokknum faglega umgjörð með stuðningi þeirra sem bera ábyrgð á starfsþróun kennara og kennarasamtakanna.

15 Starfsþróun kennara: greining á sjóðumhverfi.

Heimildir

Kunskapsdepartementet. (2012). *Kompetanse for kvalitet. Strategi for etter og videreutdanning 2012-2015*. Sótt í nóvember 2014

https://www.regjeringen.no/globalassets/upload/kd/vedlegg/f_4269b_kompetanse_for_kvalitet.pdf

Lög um háskóla nr. 63/2006.

Lög um breytingu á lögum um háskóla, nr. 63/2006 (sjálfstæði og lýðræði í háskólum, réttindi fatlaðra nemenda) nr. 67/2012.

Lög nr. 50/2010 um breytingu á lögum nr. 85/2008, um opinbera háskóla (almenningsfræðsla).

Lög um breytingu á lögum nr. 85/2008, um opinbera háskóla (almenningsfræðsla).

Lög um opinbera háskóla nr. 93/2008, 23 og 24 gr. og lög nr. 50/2010 um breytingu á lögum nr. 85/2008, um opinbera háskóla (almenningsfræðsla), 11. gr.

Menntavísindasvið HÍ. Erindisbréf Vettvangsráðs. Sótt 13. janúar 2015

http://www.hi.is/menntavisindasvid/erindisbref_fyrir_vettvangsrad

Menntavísindasvið. (2009). Stefna Vettvangsráðs í símenntun (óbirt).

Menntavísindasvið. (2015). *Aðgerðaráætlun um eftirfylgni með ytri matskýrslu um árangur sameiningar Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands og stöðu kennaramenntunar*.

Menntavísindasvið HÍ.

Menntavísindasvið. (2015). *Tillögur starfshóps um framtíðarskipan starfsþróunar þeirra stétta sem Menntavísindasvið menntar*. Menntavísindasvið HÍ.

Sigrún Vésteinsdóttir. (2014). *Starfsþróun kennara: greining á sjóðaumhverfi*. Sótt 25.2.2015

<http://ki.is/um-ki/utgafa/frettir/2420-starfsthroun-kennara-greining-a-sjodaumhverfi>